



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health



Ljósmeðrafélag
Íslands

FAGLEGAR LÁGMARKSKRÖFUR

Samkvæmt lögum um landlækni nr 41/2007, 6. grein

Heimþjónusta ljósmæðra

Flokkur heilbrigðisþjónustu	Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna.
Tegund þjónustu	Heimavítjanir til sængurkvenna.
Samskipti við sjúklinga	<p>Í samskiptum við sængurkonu og fjölskyldu hennar leitast ljósmæður við að starfa samkvæmt Alþjóðasiðareglum ljósmæðra, lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, ljósmæðralögum nr 67/1984 og læknalögum nr 53/1988 eftir því sem við á.</p> <p>Ljósmæður sýna skjólstæðingum sínum virðingu og trúnað og gæta þagnarskyldu. Ljósmæðrum ber að upplýsa skjólstæðinga sína um réttindi þeirra og virða sjálfræði til ákvarðanatöku um umönnun og meðferð.</p>
Skráning	<p>Skráning um samskipti ljósmóður og skjólstæðings skal fara fram til samræmis við lög og reglugerðir um sjúkraskrár og persónugreinalegar upplýsingar. Ljósmóður ber að færa sjúkraskrá og halda til haga öllum upplýsingum varðandi þessa þjónustu. Persónugreinanlegar upplýsingar skulu ekki vera aðgengilegar öðrum en þeim sem sinna meðferð. Atvikaskráning lýtur lögum og tilmælum landlæknis.</p> <p>Hvort sem um rafræna skráningu eða skráningu á pappír er að ræða skal varðveisla þeirra gagna og eyðing vera í samræmi við lög, reglugerðir og tilmæli landlæknis um öryggi sjúkragagna. Ennfremur er tekið mið af lögum um réttindi sjúklinga. Aðferð við afritun rafrænna sjúkraskrárgagna skal</p>

	<p>liggja fyrir.</p> <p>Við tilkynningu um rekstur skal tekið fram á hvaða formi tekið er við upplýsingum frá fæðingarstað og hvernig skráningu í sængurlegu er háttað. Ljós móðir sendir ljósmæðrabréf til heilsugæslustöðvar konunnar (ungbarnavernd).</p>
Símenntun	<p>Ljósmæður sækja námskeið LMFÍ um heimaþjónustu ljósmæðra. Ljósmæður leitast við að viðhalda þekkingu sinni og færni og tileinka sér nýjungar í starfi með símenntun. Þær kynna sér þróun starf síns með lestri fagtímarita og því að sækja námskeið, fyrirlestra og ráðstefnur.</p>
Mönnun	<p>Ljós móðir.</p>
Húsnæði	<p>Heimili skjólstæðings.</p>
Búnaður og tækjakostur	<p>Fyrir vitjanir í sængurlegu:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Áhöld: Blóðþrýstingsmælir og hitamælir. 2. Einnota hjúkrunarvörur til sýnatöku, skoðunar o.fl.. 3. Upplýsingabæklingar/bækur. 4. Eyðublöð til skráningar, bókhaldsgögn, læst hirsla til tímabundinnar skjalavörslu. 5. Ef notuð er tölva til skráningar og bókhalds skal vinnslusvæði vera læst með aðgangsorði.

Gæðavísar	<p>Hliðsjón er höfð af:</p> <p>Leiðbeiningum um val á fæðingarstað, Landlæknisembættið september 2007.</p> <p>Faglegum leiðbeiningum fyrir heimaþjónustu ljósmæðra, Landlæknisembættið og Ljósmæðrafélag Íslands, febrúar 2009. Landlæknisembættið mun vinna með Ljósmæðrafélagi Íslands að því að velja gæðavísa sem endurspeglar helstu áherslur í þjónustunni. Dæmi um þau svið sem áhersla verður lögð á eru;</p> <ul style="list-style-type: none"> • brjóstagjöf • fræðsla til foreldra • næring nýburans • nýburagula • samskipti við aðra heilbrigðisstarfsmenn
------------------	---

Gildistími	Samkomulag þetta gildir frá undirskrift landlæknis og verður endurskoðað eftir 5 ár en fyrir ef forsendur þess breytast skv. mati annars hvors aðilans.
-------------------	---

Útgefið	<i>Staður Seltjarnarnes</i>	<i>Dags.29. september 2010</i>
<i>Undirskrift landlæknis</i>	<i>Undirskrift fh Ljósmæðrafélags Íslands</i>	
Geir Gunnlaugsson	Guðlaug Einarsdóttir	

*Þessar faglegu lágmarkskröfur eru gefnar út á rafrænu formi og birtar á vef Landlæknisembættisins.
Þær eru unnar í samvinnu við Ljósmæðrafélag Íslands.*